

## Leiðbeiningar um veitingu umboða í gegnum umboðsmannakerfi Ísland.is

Slóðin er: <https://www.island.is>

Prókúruhafi skráir sig inn með Íslandslykli kennitölu eiganda véla.

Smellt er á stillingarkubbbinn efst til hægri\* og neðst á stillingasíðunni sem þá opnast er tengill til að veita eða breyta umboðum. \*(júní 2018)

Þegar smellt hefur verið á þann tengill opnast síða þar sem hægt er að slá inn kennitölu þess sem á að vinna í umboði viðkomandi lögaðila.

Undir þjónustuveitanda þarf að finna **Vinnueftirlit ríkisins – minarsidur.ver.is**.

Þegar þjónustuveitandi hefur verið valinn birtast mismunandi umboðshlutverk, hægt er að velja eitt umboðshlutverk í einu en hægt er að skrá fleiri en eitt umboðshlutverk á hverja kennitölu með því að endurtaka ferlið.

- Fyrir starfsmenn fyrirtækja sem sjá um að skrá vélar, umráðamenn og skrifa undir eigendaskipti er nóg að hafa umboðið „Umsýsla vinnuvéla“.
- Fyrir starfsmenn fyrirtækja sem sjá um að skrá vinnuslys er nóg að velja „Umsýsla slysaskráning“.
- Hlutverkið „Yfirnotandi“ getur svo framkvæmt allar aðgerðir sem önnur hlutverkin hafa.

Þá þarf að velja gildistíma á umboðið og bæta því við.

Svo er umboðinu bætt við og sést það þá í lista efst á síðunni.

Ef um eigendaskipti er að ræða þarf enn að greiða þau með millifærslu eða þeim greiðsluhætti sem áður hefur verið notast við. Seljandi skráir sig inn og skráir eigendaskiptin, kaupandi skráir sig einnig inn og samþykkir og þegar greiðsla hefur borist samþykkir Vinnueftirlitið eigendaskiptin.

Ef um skráningu véla er að ræða er sendur reikningur fyrir skráningargjöldum eftir á.

Skráning umráðamanns krefst hins vegar ekki samþykkis umráðamanns, nóg er að eigandi skrái umráðamanninn og Vinnueftirlitið samþykki færsluna.